



## Barnaverndarstofa

Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

4. febrúar 2021

Barnaverndarstofa hefur greint tölur sem borist hafa frá barnaverndarnefndum vegna tilkynninga sem bárust í nóvember og desember 2020. Barnaverndarstofa hefur tekið saman tölur mánaðarlega síðan í mars 2020 til að fylgjast með þróun tilkynninga og greina stöðu mála eins fljótt og auðið er. Fjöldi tilkynninga verður hér borinn saman við skilgreint samanburðartímabil, frá 1. janúar 2019 til og með 29. febrúar 2020 og einnig við þær tilkynningar sem borist hafa árið 2020 síðan mánaðarleg greining hófst, þ.e. frá mars 2020.

Tilgangur greiningarinnar er að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda.

Samantekt á tölum fyrri mánaða má finna í sérstöku skjali sem er meðfylgjandi. Vert er að nefna að nokkuð bar á leiðréttingum frá nefndum vegna fyrri mánaða. Slíkar breytingar voru óverulegar en því kunna tölur fyrri mánaða, sem hér verða kynntar, að vera aðrar en í fyrri skýrslum.

Eðli máls samkvæmt eru sveiflur á milli mánaða og því er sérstaklega mikilvægt að bera tölur saman við lengra tímabil en mánuðina á undan. Þannig má bæði fá yfirsýn yfir þróun mála á þessu ári, sem og hvernig málum er hagað miðað við árin á undan.

Helstu niðurstöður eru þær að í nóvember bárust 1.144 tilkynningar vegna 922 barna og í desember voru tilkynningarnar 1.077 vegna 889 barna. Er fjöldi tilkynninga í nóvember því yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins en í desember var fjöldi tilkynninga innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.

Tilkynningar vegna ofbeldis hafa síðustu mánuði verið yfir meðaltali samanburðartímabilsins, fyrir utan júlí og ágúst. Hér í þessari skýrslu er sjónum beint að auknum fjölda tilkynninga vegna ofbeldis. Árið 2020 bárust 25,3% fleiri tilkynningar vegna ofbeldis en árið 2019. Í nóvember bárust 138 tilkynningar vegna heimilisofbeldis en ekki hafa borist fleiri tilkynningar í einum mánuði vegna þessa.


Tilkynningum vegna vanrækslu hefur einnig fjölgað en þær hafa nú síðustu 10 mánuði verið yfir meðaltali samanburðartímabilsins. Árið 2020 bárust 18,9% fleiri tilkynningar vegna vanrækslu en árið 2019. Þá hafa borist 27,5% fleiri tilkynningar vegna *foreldra í áfengis- og eða fíkniefnaneyslu* á árinu 2020 samanborið við árið 2019 og er munurinn enn meiri sé borið saman við árin þar á undan.

Eru þessar tölur, sem hér hefur verið greint frá, sérstakt áhyggjuefni sem ber að fylgjast nánar með.

## Fjöldi tilkynninga

Í nóvember 2020 bárust alls 1.144 tilkynningar til barnaverndarnefnda og eru það 17% fleiri tilkynningar en bárust í sama mánuði á árinu 2019. Fjöldi tilkynninga sem bárust í desember voru heldur færri, eða 1.077. Eru það þó 25,1% fleiri tilkynningar en bárust í sama mánuði á árinu 2019. Borið saman við tímabilið janúar 2019-febrúar 2020, þegar bárust að meðaltali 955 tilkynningar og mest 1.135, þá sést að tilkynningar sem bárust í nóvember eru yfir hæsta gildi samanburðartímans en í desember var fjöldi tilkynninga innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.

Þegar fjöldi tilkynninga er skoðaður eftir því hvort þær bárust til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæðinu og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að heildarfjöldi tilkynninga var alls staðar yfir meðallagi en þó innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða í nóvember. Í desember var fjöldi tilkynninga yfir meðaltali í Reykjavík og höfuðborgarsvæði en undir meðaltali á landsbyggð. Fjöldi tilkynninga í desember var þó innan mánaðarlegra sveiflna í öllum landshlutum.




Graf 1: Fjöldi tilkynninga í nóvember og desember borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Hér á eftir má sjá tilkynningar sem bárust í nóvember og desember 2020 samanborið við mánuðina á undan. Þar sést að tilkynningar sem bárust síðustu tvo mánuði ársins voru heldur færri en þær sem bárust í október, en þá höfðu ekki fleiri tilkynningar borist á árinu.

Þegar litið er til tilkynninga sem hafa borist a) í Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu og c) til nefnda á landsbyggð, má sjá að fjöldi tilkynninga í Reykjavík hefur verið nokkuð svipaður á milli mánaða, að undanskildum júlímánuði þegar 347 tilkynningar bárust. Í maí 2020 barst 501 tilkynning í Reykjavík og hafa ekki áður borist svo margar tilkynningar. Á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi tilkynninga í hverjum mánuði í meira lagi, samanborið við árin á undan. Þá voru enn fremur tveir mánuðir, september og október, sem skáru sig úr þegar bárust 369 og 373 tilkynningar í hvorum mánuði fyrir sig.

Á landsbyggð voru 3 mánuðir sem skáru sig úr hvað varðar fjölda tilkynninga: maí, september og október, þegar bárust 454-495 tilkynningar. Eru það mun fleiri tilkynningar en berast almennt á landsbyggð en til samanburðar má nefna að á árunum 2015-2019 bárust mest 396 tilkynningar samanlagt frá nefndum á landsbyggð.

Barnaverndarstofa hóf að taka saman tölur mánaðarlega til að fylgjast með þróun tilkynninga í kjölfar heimsfaraldurs, í mars í fyrra. Síðan í byrjun mars 2020 hafa borist 11.118 tilkynningar til barnaverndarnefnda á landinu og hafa þar með borist fleiri tilkynningar á þessum 10 mánuðum en allt árið 2015, 2016, 2017 og 2018 og er svipaður fjöldi og barst allt árið 2019, þegar bárust alls 11.370 tilkynningar.



Graf 2: Heildarfjöldi tilkynninga til allra nefnda á landinu frá mars 2020 til desember 2020


### Fjöldi tilkynninga gegnum neyðarnúmerið 112

Í nóvember barst 81 tilkynning í gegnum 112 og í desember voru tilkynningarnar 80.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 99 tilkynningar og minnst 46 tilkynningar í gegnum 112 á einum mánuði og er meðaltal á umræddu tímabili 80. Tilkynningar í nóvember og desember 2020 sem bárust í gegnum neyðarnúmerið eru því í meðallagi.

Þegar fjöldi tilkynninga er skoðaður eftir því hvort þær bárust til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæðinu og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að í Reykjavík og á landsbyggð voru tilkynningar í gegnum neyðarnúmerið rétt undir meðaltali bæði í nóvember og desember. Á höfuðborgarsvæðinu voru tilkynningar yfir meðallagi báða mánuðina og innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða í nóvember en í desember var fjöldi tilkynninga umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins.

### Fjöldi tilkynninga í gegnum 112, miðað við samanburðartímabil



Graf 3: Fjöldi tilkynninga í gegnum neyðarnúmerið 112 í nóvember og desember 2020 borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 til 29. febrúar 2020


Eitthvað hefur borið á að tilkynningar frá 112 hafi verið mismunandi skráðar á milli nefnda. Unnið er að samræmingu skráninga og hafa tölur verið leiðréttar að mestu leyti. Þó eru þær tölur sem hér eru kynntar settar fram með þeim fyrirvara að þær gætu tekið einhverjum breytingum þegar fram horfir.

### Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu

Alls bárust 79 tilkynningar til barnaverndarnefnda á landinu í nóvember 2020 þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu en í desember voru þær 56.

Sé litið til tímabilsins janúar 2019 - febrúar 2020, bárust mest 74 tilkynningar og minnst 41 á einum mánuði þar sem tilkynnandi telur barn í yfirvofandi hættu. Tilkynningar af þessu tagi voru 56 að meðaltali á tímabilinu. Þær tilkynningar sem bárust í nóvember 2020 eru því yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins en í meðallagi í desember.


## Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barnið talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda), miðað við samanburðartímabil



Graf 4: Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barn talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda) miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 – 29. febrúar 2020

Líkt og sjá má á grafi 5 þá hafa langflestar bráðatilkynningar borist í Reykjavík, eða 75-97% allra slíkra tilkynninga. Almennt hafa verið að berast 73-85 bráðatilkynningar á mánuði en fæstar voru þær í desember þegar bárust 56 tilkynningar, og flestar í apríl og maí þegar þær voru 92 í hvorum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi bráðatilkynninga, mars-desember 2020



Graf 5: Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barn talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda) á tímabilinu mars 2020 til desember 2020


## Fjöldi barna sem tilkynnt er um

Þegar litið er til fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda þarf að hafa í huga að fleiri en ein tilkynning getur borist vegna hvers barns. Því er einnig mikilvægt að skoða fjölda barna sem tilkynnt er um.

Í nóvember 2020 bárust tilkynningar um alls 922 börn og í desember bárust tilkynningar vegna 889 barna.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest tilkynningar um 874 og minnst 622 börn á einum mánuði og er meðalfjöldi barna sem tilkynnt er um á umræddu tímabili 764. Fjöldi barna sem tilkynnt var um í nóvember er því umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins báða mánuðina.


Ef litið er til fjölda barna sem tilkynnt er um í nóvember og desember til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að fjöldi barna er yfir meðaltali samanburðartímabilsins í öllum landshlutum. Í Reykjavík var fjöldi barna umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins báða mánuðina, á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi barna umfram hæsta gildi í nóvember en innan mánaðarlegra sveiflna í desember og á landsbyggð var fjöldi barna innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða bæði í nóvember og desember.



Graf 6: Fjöldi barna sem tilkynnt var um, miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Í október 2020 bárust tilkynningar vegna 1.037 barna, og ekki höfðu borist tilkynningar vegna fleiri barna áður. Fjöldi barna hvernar aðstæður voru tilkynntar í nóvember og desember voru því færri en í október.

Pá má benda á, líkt og sést á grafi 7, að sex mánuði af þeim tíu sem þessar samantektir hafa náð til hefur fjöldi barna sem tilkynnt var um verið yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins.



Graf 7: Fjöldi barna sem tilkynnt var um á tímabilinu mars til desember 2020

## Hverjir tilkynna


### Barn

Í nóvember 2020 bárust fjórar tilkynningar til barnaverndarnefnda frá barninu sjálfu og í desember voru tilkynningar fimm.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 9 tilkynningar og minnst engin tilkynning á einum mánuði frá barninu sjálfu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 5 og er fjöldi tilkynninga í nóvember og desember því í meðallagi.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í nóvember eru innan hefðbundinnar sveiflu milli mánaða í öllum landshlutum.


## Fjöldi tilkynninga frá barni miðað við samanburðartímabil



Graf 8: Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til febrúar 2020

Flestar tilkynningar frá barni voru enn sem fyrr í mars 2020, eða 17 tilkynningar og næstflestar tilkynningar bárust í september 2020. Sá fjöldi tilkynninga sem barst í nóvember og desember er svipaður og aðra mánuði ársins.

## Fjöldi tilkynninga frá barni, mars-desember 2020



Graf 9: Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til desember 2020




## Foreldrar

Í nóvember 2020 bárust 69 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá foreldrum barns en þær voru 80 í desember.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 86 tilkynningar og minnst 52 tilkynningar á einum mánuði frá foreldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 66.

Fjöldi tilkynninga í nóvember og desember 2020 frá foreldrum barns eru því yfir meðaltali en þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.


Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur fyrir nóvember og desember eru undir meðallagi í Reykjavík, yfir meðallagi á höfuðborgarsvæði í nóvember en umfram hæsta gildi í desember og yfir meðaltali báða mánuði á landsbyggð en innan mánaðarlegra sveiflna.



Graf 10: Foreldrar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til febrúar 2020

Þegar litið er yfir síðustu mánuði má sjá að í september bárust flestar tilkynningar frá foreldrum, en næst flestar í október. Sker nóvember sig í raun úr, sé miðað við mánuðina á undan, en aðeins bárust færri tilkynningar frá foreldrum í júní 2020.

## Fjöldi tilkynninga frá foreldrum miðað við samanburðartímabil



Graf 11: Foreldrar tilkynna til barnaverndarnefnda, mars til desember 2020


### Skóli

Í nóvember 2020 bárust 169 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá skólum landsins og í desember barst 141 tilkynning.

Sé borið saman við tilkynningar sem bárust á tímabilinu 2019 – febrúar 2020 má sjá að mest bárust 221 tilkynning og minnst 14 tilkynningar á einum mánuði og var meðaltal tilkynninga frá skólum á umræddu tímabili 140. Því má sjá að fjöldi tilkynninga í nóvember frá skólum er yfir meðaltali þess tímabils en fjöldi tilkynninga í desember var í meðallagi. Fjöldi tilkynninga beggja mánaða var þó innan þeirrar sveiflu sem má finna milli mánaða.

Þegar litið er til fjölda tilkynninga sem bárust 1) í Reykjavík, 2) til nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) til nefnda á landsbyggð má sjá að tilkynningar frá skólum voru alls staðar yfir meðallagi en innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða í nóvember. Í desember var fjöldi tilkynninga frá skólum yfir meðallagi í Reykjavík en undir meðaltali á höfuðborgarsvæði og landsbyggð en alls staðar innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.


## Fjöldi tilkynninga frá skólum miðað við samanburðartímabil



Graf 12: Skólar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til þeirra tilkynninga sem hafa borist síðan í mars 2020 má sjá að tilkynningar í nóvember og desember eru heldur færri en bárust í september og október.

## Skóli tilkynningar, mars-desember 2020



Graf 13: Fjöldi tilkynninga frá skólum til barnaverndarnefnda, mars til desember 2020


## Leikskóli/dagforeldri

Í nóvember 2020 bárust 20 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá leikskólum/dagforeldrum en í desember voru þær 14.

Á samanburðartímabilinu, janúar 2019 – febrúar 2020 barst mest 31 tilkynning og minnst 10 tilkynningar á einum mánuði frá leikskólum/dagforeldrum og er meðaltal þeirra tilkynninga á umræddu tímabili 19. Þær tilkynningar sem bárust í nóvember 2020 eru því í meðallagi en undir meðaltali í desember.

Þegar skoðaðar eru tölur í nóvember 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga í nóvember er yfir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019-febrúar 2020 í Reykjavík og á landsbyggð en undir meðaltali á höfuðborgarsvæði. Í desember var fjöldi tilkynninga undir meðaltali í Reykjavík og á höfuðborgarsvæði en í meðallagi á landsbyggð.


Fjöldi tilkynninga frá leikskólum/dagforeldrum, miðað við samanburðartímabil



Graf 14: Leikskólar/dagforeldrar tilkynna til barnaverndarnefndar miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til ársins 2020 sést að í maí og júní 2020 bárust fleiri tilkynningar frá leikskólum/dagforeldrum en aðra mánuði, sér í lagi í júní þegar alls bárust 42 tilkynningar á landinu öllu. Fjöldi tilkynninga sem bárust í nóvember 2020 er svipaður því sem sást í mars, apríl og júlí, ágúst, september og október 2020. Fjöldi tilkynninga frá leikskólum/dagforeldrum var í minna lagi en aðeins hafa færri tilkynningar borist á einum mánuði í mars.

## Fjöldi tilkynninga frá leikskólum/dagforeldrum, mars-deseember 2020



Graf 15: Leikskólar/dagforeldrar tilkynna til barnaverndarnefnda, mars til desember 2020


### Nágrannar

Í nóvember 2020 bárust 89 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá nágrönnum og í desember bárust 59 tilkynningar.

Á tímabilinu 2019 – febrúar 2020 bárust minnst 48 tilkynningar og mest 80 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum. Meðaltal tilkynninga frá nágrönnum á tímabilinu voru 65. Þær tilkynningar sem bárust í nóvember 2020 voru því fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins en fjöldi tilkynninga frá nágrönnum í desember var undir meðaltali.

Þegar litið er til talna í nóvember 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar frá nágrönnum voru fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins í Reykjavík, undir meðallagi á höfuðborgarsvæðinu og yfir meðallagi á landsbyggð en innan mánaðarlegra sveiflna. Í desember var fjöldi tilkynninga frá nágrönnum undir meðaltali samanburðartímabilsins í Reykjavík og á landsbyggð en yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði. Fjöldi tilkynninga í desember var innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða, í öllum landshlutum.


## Fjöldi tilkynninga frá nágrönnum miðað við samanburðartímabil



Graf 16: Nágrannar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Flestar tilkynningar frá nágrönnum bárust í apríl og maí, 127 og 122 talsins, ef litið er til mánaðanna á undan. Ekki hafa færri tilkynningar borist á einum mánuði frá nágrönnum síðastliðna mánuði, en nú í desember. Hér ber þó að nefna að sérstaklega margar tilkynningar bárust frá nágrönnum árið 2020, langtum fleiri en undanfarin ár.

## Fjöldi tilkynninga frá nágrönnum, mars-desember 2020




Graf 17: Nágrannar tilkynna til barnaverndarnefnda, mars til desember 2020

## Ættingjar

Í nóvember 2020 bárust alls 55 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá ættingjum og í desember voru þær 68.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 70 og minnst 28 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 46. Er fjöldi tilkynninga frá ættingjum í nóvember og desember 2020 því yfir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.


Ef litið er til talna í nóvember 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar voru í meðallagi í Reykjavík, undir meðaltali á höfuðborgarsvæði en yfir meðaltali á landsbyggð. Í desember voru tilkynningar í Reykjavík og á landsbyggð yfir meðaltali en innan mánaðarlegra sveiflna. Á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi tilkynninga umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins.



Graf 18: Ættingjar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til tilkynninga sem hafa borist síðan í mars á þessu ári má sjá að fjöldi tilkynninga frá ættingjum voru heldur færri í nóvember en síðastliðna mánuði en tilkynningar í desember voru líkara því sem sést hefur fyrri hluta árs 2020. Tilkynningar frá ættingjum hafa verið vel yfir meðallagi allt árið, að undanskildum apríl og júní.

## Ættingjar tilkynna, mars-deseember 2020



Graf 19: Ættingjar tilkynna til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til desember 2020

### Lögregla


Alls bárust 414 tilkynningar í nóvember 2020 frá lögreglu en í desember bárust 449 tilkynningar.

Á samanburðartímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 511 tilkynningar og minnst 301 tilkynning á einum mánuði frá lögreglu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 395. Eru tilkynningar í nóvember og desember 2020 því yfir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem má finna á milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar í nóvember voru undir meðaltali í Reykjavík en yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði og landsbyggð en þó innan mánaðarlegrar sveiflu. Í desember var fjöldi tilkynninga í Reykjavík umfram hæsta gildi samanburðartímans. Á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi tilkynninga yfir meðallagi en undir meðallagi á landsbyggð en þó vel innan mánaðarlegra sveiflna.




## Fjöldi tilkynninga frá lögreglu miðað við samanburðartímabil



Graf 20: Lögregla tilkynnir til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Líkt og sjá má á grafinu hér fyrir neðan bárust fæstar tilkynningar í mars og júlí frá lögreglu og þar á eftir í nóvember. Flestar voru tilkynningar frá lögreglu í október, þegar bárust 512 tilkynningar.

## Lögreglan tilkynningar, mars-deember 2020




Graf 21: Lögregla tilkynnir til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til desember 2020

## Heilbrigðisstofnun

Í nóvember 2020 bárust alls 130 tilkynningar frá heilbrigðisstofnunum en voru þær 103 í desember.

Sé litið til tímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 128 tilkynningar og minnst 78 tilkynningar á einum mánuði frá heilbrigðisstofnunum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 96. Er fjöldi tilkynninga sem bárust frá heilbrigðisstofnunum í nóvember 2020 því yfir hæsta gildi samanburðartímans. Fjöldi tilkynninga sem barst frá heilbrigðisstofnunum í desember er yfir meðallagi en innan mánaðarlegra sveiflna.


Ef skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar í Reykjavík voru yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins í nóvember en í desember var fjöldi tilkynninga innan þeirrar mánaðarlegru sveiflu sem má vænta á milli mánaða. Á landsbyggð var fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum í meðallagi í nóvember og rétt undir meðaltali í desember. Á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum yfir meðaltali báða mánuði, þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.



Graf 22: Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til fjölda tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum síðan í mars má sjá að tölur nóvembermánaðar eru svipaðar og í október. Í raun bárust flestar tilkynningar ársins í nóvember 2020.

## Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum, mars-deseember 2020



Graf 23: Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum til barnaverndarnefnda, á tímabilinu mars til desember 2020

### Aðrir


Í nóvember 2020 bárust 133 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá öðrum aðilum en hér hafa verið skilgreindir að ofan og í desember voru tilkynningarnar 116.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 118 tilkynningar og minnst 54 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 84.

Er fjöldi tilkynninga í nóvember 2020 frá öðrum aðilum því yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins en rétt undir hæsta gildi í desember og því innan mánaðarlegra sveiflna.

Ef litið er til tilkynninga í a) Reykjavík, b) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, c) nefnda á landsbyggðinni sést að tilkynningar nóvember voru yfir meðaltali í öllum landshlutum. Í Reykjavík voru tilkynningar frá öðrum aðilum yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins en á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Í desember var fjöldi tilkynninga yfir meðaltali í öllum landshlutum og innan mánaðarlegra sveiflna.

## Fjöldi tilkynninga frá öðrum miðað við samanburðartímabil



Graf 24: Aðrir tilkynna til barnaverndarnefnda, samanborið við gögn frá 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Hvað þennan flokk varðar sker landsbyggð sig úr, hvar 15% tilkynnenda í nóvember og 20% í desember voru skráðir sem „aðrir“. Síðastliðna mánuði hefur þetta hlutfall farið upp í 23% og gefur það fullt tilefni til endurskoðunar skráninga á tilkynnendum. Hefur undirbúningur þess efnis verið hafinn.

## Fjöldi tilkynninga frá öðrum, mars-desember 2020



Graf 25: Aðrir tilkynna til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til desember 2020

## Önnur barnaverndarnefnd og félagsþjónusta

Tilkynningar frá annarri barnaverndarnefnd voru 20 í nóvember 2020 og 25 í desember. Að meðaltali bárust 20 tilkynningar frá annarri barnaverndarnefnd á samanburðartímabilinu janúar 2019- febrúar 2020, flestar voru þær 26 og færstar 13 á einum mánuði. Fjöldi tilkynninga í nóvember er því innan mánaðarlegra sveiflna sem vænta má á milli mánaða. Tilkynningar frá félagsþjónustunni í nóvember 2020 var 41, sem einnig er hæsta gildi samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020. Tilkynningar frá félagsþjónustunni voru langtum færri í desember eða 17. Er það undir meðaltali samanburðartímabilsins sem er 25 tilkynningar en þó innan þeirrar sveiflu sem má finna á milli mánaða.

### Efni tilkynninga

*Tilkynningar til barnaverndarnefnda eru í meginatriðum flokkaðar samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd. Þannig getur tilkynning aðeins verið flokkuð í einn af fjórum yfirflokkum: a) vanræksla, b) ofbeldi, c) áhættuhegðun barns, d) heilsa eða líf ófæddis barns er í hættu. Í hverjum yfirflokki, að utanskildum c) flokki, eru undirflokkar til nánari skilgreiningar eftir eðli tilkynningar. Er þessi samantekt byggð á frammannefndu flokkunarkerfi. Nánari upplýsingar um skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndar má finna [hér](#).*

#### *Ofbeldi<sup>1</sup>*

Í nóvember 2020 bárust 366 tilkynningar varðandi ofbeldi og í desember voru tilkynningarnar 323.


Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 292 tilkynningar og minnst 206 tilkynningar á einum mánuði um ofbeldi og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 254. Eru tilkynningar nóvember- og desembermánaðar því langt umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar voru yfir meðallagi í öllum landshlutum báða mánuðina. Í á höfuðborgarsvæði voru tilkynningar umfram hæsta gildi samanburðartímans bæði í nóvember og desember. Í Reykjavík var fjöldi tilkynninga í nóvember umfram hæsta gildi samanburðartímans en innan mánaðarlegra sveiflna í desember. Á landsbyggð var fjöldi tilkynninga beggja mánaða innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða.

---

<sup>1</sup> *Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er ofbeldi gagnvart skilgreint sem „athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns“. Ofbeldi gagnvart barni skiptist í þrjá megin flokka: 1) tilfinningalegt ofbeldi, 2) líkamlegt ofbeldi, 3) kynferðislegt ofbeldi. Sé barn beitt tilfinningalegu ofbeldi er einnig skráð sérstaklega ef um er að ræða heimilisofbeldi, þ.e. barn verður vitni að ofbeldi.*


## Tilkynningar vegna ofbeldis, heildarfjöldi



Graf 26: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ofbeldis miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

Síðan í mars hafa borist yfir 300 tilkynningar á mánuði, utan júlí og ágúst, og bárust flestar í september.

## Heildarfjöldi tilkynninga vegna ofbeldis, mars-desember 2020



Graf 27: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ofbeldis á tímabilinu mars til desember 2020

Í nóvember 2020 bárust 96 tilkynningar vegna líkamlegs ofbeldis til barnaverndarnefnda á landinu og í desember voru þær 95. Ekki hafa borist fleiri tilkynningar á þessu ári vegna


líkamlegs ofbeldis en þær sem bárust í nóvember. Næst flestar tilkynningar bárust í september og desember eða 95 í hvorum mánuði fyrir sig. Hæsta gildi tilkynninga á einum mánuði á samanburðartímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 er 76 tilkynningar, lægsta gildi 34 og meðaltalið 57. Þegar tölur nóvember- og desembermánaðar eru bornar saman við samanburðartímabilið sést að tilkynningar voru fleiri en hæsta gildi tímabilsins. Ef litið er til þeirra tilkynninga sem bárust í nóvember og desember til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og c) nefnda á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga voru yfir meðaltali á landsbyggð en innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða en umfram hæsta gildi í Reykjavík og á höfuðborgarsvæði.

Í nóvember 2020 bárust 248 tilkynningar vegna *tilfinningalegs ofbeldis* en 202 í desember. Sé litið til samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 má sjá að hæsta gildi er 215, lægsta er 124 og meðaltal 162 tilkynningar. Fjöldi tilkynninga sem bárust í nóvember er því yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins en innan mánaðarlegra sveiflna í desember. Ef litið er til tilkynninga vegna *tilfinningalegs ofbeldis* sem bárust til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og c) nefnda á landsbyggð, má sjá að þær voru yfir meðaltali í öllum landshlutum og innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða í nóvember. Í desember voru tilkynningar yfir meðallagi á höfuðborgarsvæðinu, undir meðaltali á landsbyggð en umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins á höfuðborgarsvæðinu.

Í nóvember 2020 bárust alls 138 tilkynningar vegna *heimilisofbeldis* en ekki hafa borist fleiri tilkynningar á þessu ári. Fjöldi tilkynninga vegna *heimilisofbeldis* í desember voru 103. Sé miðað við samanburðartímabilið janúar 2019 – febrúar 2020, þar sem tilkynningar voru flestar 104, fæstar 47 og meðaltalið 73 tilkynningar, er fjöldi tilkynninga í nóvember umfram hæsta gildi en rétt undir hæsta gildi í desember. Ef litið er til fjölda tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og b) til nefnda á landsbyggðinni má sjá að tilkynningar í nóvember vegna *heimilisofbeldis* voru yfir meðaltali í öllum landshlutum báða mánuðina. Í nóvember var fjöldi tilkynninga vegna *heimilisofbeldis* umfram hæsta gildi samanburðartímans í Reykjavík en annars var fjöldi tilkynninga innan þeirrar sveiflu sem má vænta milli mánaða

Í nóvember 2020 voru tilkynningar vegna *kynferðislegs ofbeldis* gegn börnum 37 og í desember bárust 43 tilkynningar. Í janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 54 tilkynningar, lægsta gildi var 22 tilkynningar á einum mánuði og meðaltal tímabilsins var 39. Er fjöldi tilkynninga í nóvember því undir meðaltali samanburðartímabilsins en yfir meðaltali í desember. Ef litið er til fjölda tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og b) til nefnda á landsbyggðinni má sjá að fjöldi tilkynninga í Reykjavík var undir meðaltali báða mánuði, í meðallagi á höfuðborgarsvæði í nóvember en yfir meðaltali í desember og yfir meðaltali á landsbyggð í bæði nóvember og desember. Fjöldi tilkynninga vegna *kynferðislegs ofbeldis* gegn börnum var þó alls staðar innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.

Tilkynningar síðustu mánaða, um ofbeldi gegn börnum, hafa verið yfir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020, fyrir utan tvo mánuði, júlí og ágúst. Á grafi 28 má sjá samanburð tilkynninga sem bárust vegna ofbeldis árið 2020, samanborið við síðustu 4 ár, 2016-2019. Í nóvember höfðu þegar borist fleiri tilkynningar en allt árið 2016, 2017, 2018 og 2019 og er staðan sú að 25,3% fleiri tilkynningar bárust árið 2020 en árið 2019. Þá má einnig sjá að árið 2020 bárust fleiri tilkynningar í öllum undirflokkum ofbeldis á landsvísu en 2016, 2017, 2018 og 2019. Því er enn fullt tilefni til þess að fylgjast nánar með þróun mála næstu mánaða.



Graf 28: Heildarfjöldi tilkynninga vegna ofbeldis, allir flokkar. Hér má sjá tölur fyrir allt árið 2016, 2017, 2018, 2019 og 2020

## Vanræksla<sup>2</sup>

Tilkynningar um vanrækslu í nóvember 2020 voru 487 og í desember 480.


Sé litið til samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 þá bárust mest 507 tilkynningar og minnst 307 tilkynningar á einum mánuði um vanrækslu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 401. Voru tilkynningar í nóvember og desember vegna vanrækslu yfir meðaltali en þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar vegna vanrækslu í nóvember og desember eru alls staðar yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Í nóvember var fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins á landsbyggð og í desember var fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins í Reykjavík.

<sup>2</sup> Vanræksla er, líkt og ofbeldi, yfirflokkur í skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd. Samkvæmt flokkunarkerfinu er vanræksla gagnvart barni skilgreind sem „skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns“. Vanræksla skiptist í fjóra undirflokkar sem eru: 1) líkamleg vanræksla, 2) vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, 3) vanræksla varðandi nám, 4) tilfinningaleg vanræksla. Í þeim tilvikum sem tilkynning er skráð sem vanræksla varðandi umsjón og eftirlit er einnig skráð sérstaklega hvort að slík tilkynning berist vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu foreldra.




## Tilkynningar vegna vanrækslu, heildarfjöldi



Graf 29: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna vanrækslu miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

Líkt og sjá má á grafinu hér fyrir neðan hafa tilkynningar vegna vanrækslu verið yfir meðaltali síðan í mars á þessu ári.

## Heildarfjöldi tilkynninga vegna vanrækslu, mars-desember 2020



Graf 30: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna vanrækslu á tímabilinu mars til desember 2020

Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi *umsjón og eftirlit barna* voru 435 í nóvember og 445 í desember. Fjöldi tilkynninga beggja mánaða var því umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020. Þegar litið er til tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu, c) til nefnda á landsbyggðinni má sjá að tilkynningar í nóvember voru yfir meðaltali í Reykjavík og á höfuðborgarsvæði en innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Á landsbyggð bárust fleiri tilkynningar í nóvember en hæsta gildi samanburðartímabilsins. Í desember var fjöldi yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð en vel innan mánaðarlega sveiflna. Tilkynningar sem bárust í Reykjavík í desember voru aftur á móti umfram hæsta gildi.

Í nóvember 2020 bárust 170 tilkynning vegna *foreldra í áfengis- og eða fíkniefnaneyslu*. Í desember 2020 var fjöldi tilkynninga 165. Fjöldi tilkynninga í nóvember og desember eru yfir meðaltali samanburðartímabilsins, janúar 2019 – febrúar 2020, en innan þeirrar sveiflu sem mætti búast við á milli mánaða. Í Reykjavík var fjöldi tilkynninga undir meðaltali í nóvember en yfir meðaltali í desember og á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi tilkynninga yfir meðaltali í nóvember en undir meðaltali í desember, en þó innan mánaðarlegra sveiflna. Á landsbyggð bárust fleiri tilkynningar vegna *foreldra í áfengis- og eða fíkniefnaneyslu* en hæsta gildi samanburðartímabilsins í nóvember en innan mánaðarlegra sveiflna í desember.


Alls bárust 22 tilkynningar varðandi *líkamlega vanrækslu* í nóvember 2020 og 24 í desember. Er fjöldi tilkynninga því yfir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 báða mánuði. Þegar litið er til tilkynninga sem bárust til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæði og c) nefnda á landsbyggð, má sjá að þær voru yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í nóvember og í desember var fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæði í meðallagi en vel yfir meðallagi á landsbyggð. Báða mánuði var fjöldi tilkynninga þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Í Reykjavík barst ekki nein tilkynning vegna líkamlegrar vanrækslu, hvorki í nóvember né desember, og er það sama og lægsta gildi samanburðartímabilsins.

Tilkynningar varðandi *tilfinningalega vanrækslu* voru 48 í nóvember 2020 og 42 í desember. Er það vel yfir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019-febrúar 2020, sem er 28 tilkynningar, en innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Slíkt hið sama má segja um tilkynningar sem bárust í nóvember til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæði og c) nefnda á landsbyggð. Í desember var fjöldi tilkynninga sem barst í Reykjavík undir meðallagi en yfir meðallagi bæði á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð.

Í nóvember 2020 bárust alls 26 tilkynningar vegna *vanrækslu varðandi nám* og er það yfir meðaltali samanburðartímabilið janúar 2019 – febrúar 2020, en innan mánaðarlegra sveiflna. Í desember bárust 16 tilkynningar vegna *vanrækslu varðandi nám*, og er það undir meðaltali samanburðartímans. Þegar litið er til tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæði, og c) til nefnda á landsbyggð, má sjá að stærstur hluti tilkynninga barst nefndum á landsbyggð, eða alls 20 talsins í nóvember og 10 í desember. Er fjöldi tilkynninga á landsbyggð umfram hæsta gildi samanburðartímans í nóvember en innan mánaðarlegra sveiflna í desember. Á höfuðborgarsvæðinu bárust alls 6 tilkynningar í nóvember og 5 í desember og er það rétt undir meðaltalinu, sem er 7. Í Reykjavík barst ekki nein tilkynning vegna *vanrækslu varðandi nám* og í desember barst ein tilkynning en á samanburðartímabilinu var lægsta gildi einnig einn.

Tilkynningar um vanrækslu hafa verið yfir meðaltali 10 mánuði í röð. Árið 2020 bárust 18,9% fleiri tilkynningar vegna vanrækslu en árið 2019 og er aukning í öllum undirflokkum vanrækslu

á milli ára. Líkt og sjá má á grafi 31, bárust langflestar tilkynningar vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlits og árið 2020 bárust 20,6% fleiri tilkynningar en allt árið 2019. Þá er mest aukning vegna foreldra í áfengis- og eða fíkniefnaneyslu eða 27,5% á milli ára og er munurinn enn meiri sé borið saman við árin þar á undan. eru þessar tölur sérstakt áhyggjuefni og mikilvægt er að fylgjast með því á næstu mánuðum hver þróunin verður.



Graf 31: Heildarfjöldi tilkynninga vegna vanrækslu, allir flokkar. Hér má sjá tölur fyrir allt árið 2016, 2017, 2018, 2019 og 2020

### Áhættuhegðun barns<sup>3</sup>


Í nóvember 2020 var heildarfjöldi tilkynninga um áhættuhegðun barns 282 og 269 í desember.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 380 tilkynningar og minnst 193 tilkynningar í einum mánuði um áhættuhegðun barns og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 293. eru tilkynningar í nóvember og desember um áhættuhegðun barns þannig undir meðaltali samanburðartímabilsins.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að í Reykjavík og á landsbyggð var fjöldi tilkynninga í nóvember undir meðaltali samanburðartímabilsins en yfir meðaltali á höfuðborgarsvæði. Í desember var fjöldi tilkynninga í Reykjavík yfir meðaltali en undir meðaltali á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð. Tilkynningar beggja mánaða voru alls staðar innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.

<sup>3</sup> Í skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er áhættuhegðun barns skilgreind sem „athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líkleg til að valda því eða öðrum skaða“. Þar sem um er að ræða áhættuhegðun barna eru börn oftast komin á táningsaldur.


## Tilkynningar vegna áhættu hegðunar barns, miðað við samanburðartímabil



Graf 32: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna áhættu hegðunar barns miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

Heilt yfir hafa tilkynningar varðandi áhættu hegðun barns verið undir meðaltali síðastliðna mánuði, að undanskildum þremur mánuðum: maí, september og október.

## Heildarfjöldi tilkynninga vegna áhættu hegðunar barns, mars- desember 2020



Graf 33: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna áhættu hegðunar barns á tímabilinu mars til desember 2020


### Heilsu eða lífi ófæddis barns er stefnt í hættu<sup>4</sup>

Í nóvember 2020 bárust alls 9 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem talið var að heilsu eða lífi ófæddis barns væri stefnt í hættu en í desember bárust 5 tilkynningar.

Mest bárust 12 tilkynningar vegna ófæddra barna á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og minnst 3 tilkynningar á einum mánuði. Er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 7. Fjöldi tilkynninga er barst í nóvember 2020 er því yfir meðaltali en undir meðaltali í desember.

Þegar litið er til fjölda tilkynninga sem bárust í nóvember til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð má sjá að flestar voru tilkynningarnar á landsbyggð, eða 5 talsins í nóvember og 4 á landsbyggð. Er það þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Í Reykjavík bárust 4 tilkynningar í nóvember en engin í desember. Engin tilkynning barst til nefnda á höfuðborgarsvæði í nóvember en í desember barst ein tilkynning.

#### Tilkynningar vegna ófæddis barns, heildarfjöldi




Graf 34: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ófæddis barns miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

Hér fyrir neðan má sjá fjölda tilkynninga sem hafa borist barnaverndarnefndum vegna ófæddis barns, síðan í mars 2020. Þá má sjá að flestar tilkynningar bárust í ágúst, þá 23 talsins. Næst flestar tilkynningar bárust í júlí, eða alls 20. Aðra mánuði hafa borist að jafnaði 9-15 tilkynningar. Ekki hafa borist jafn fáar tilkynningar á einum mánuði á tímabilinu sem þessar samantektir taka til, og í desember 2020.

<sup>4</sup> Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er tilefni tilkynninga skilgreint sem svo: „foreldri setur ófætt barn sitt í hættu með athæfi sínu“.

## Heildarfjöldi tilkynninga vegna ófæddis barns, mars-deseember 2020



Graf 35: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ófæddis barns á tímabilinu mars til desember 2020